

# Frumvarp til laga um dómstóla

## I. KAFLI Dómstólaskipanin.

### 1. gr.

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins. Hann hefur aðsetur í Reykjavík.

### 2. gr.

Landsréttur er áfrýjunardómstóll. Hann hefur aðsetur í Reykjavík.

### 3. gr.

Dómstólar í héraði eru átta. Heiti þeirra, aðsetur og umdæmi eru sem hér segir:

1. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur aðsetur í Reykjavík og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.
2. Héraðsdómur Vesturlands hefur aðsetur í Borgarnesi og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Helgafellssveit, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær og Stykkishólmsbær.
3. Héraðsdómur Vestfjarða hefur aðsetur á Ísafirði og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.
4. Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur aðsetur á Sauðárkróki og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Húnaþing vestra, Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.
5. Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur aðsetur á Akureyri og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.
6. Héraðsdómur Austurlands hefur aðsetur á Egilstöðum og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur og Sveitarfélagið Hornafjörður.
7. Héraðsdómur Suðurlands hefur aðsetur á Selfossi og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Ásahreppur, Flóahreppur, Bláskógabyggð, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skeiða og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Grímnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Vestamannaeyjabær og Sveitarfélagið Árborg.
8. Héraðsdómur Reykjaness hefur aðsetur í Hafnarfirði og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður, Sveitarfélagið Vogar, Reykjanesbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær og Kópavogsbær.

Umdæmi hvers héraðsdómstóls skal vera ein þinghá. Frá þessu má ráðherra þó víkja með reglugerð að fenginni umsögn hlutadeigandi héraðsdómstóls og dómstólaráðs.

Verði heiti sveitarfélags sem getið er í 1. mgr. breytt eða sameinist tvö eða fleiri þeirra skal litið svo á að sveitarfélagið, sem til verður í staðinn, heyri til þess dómumdæmis sem það eldra eða þau eldri heyrðu til. Ef sameinuð eru tvö eða fleiri sveitarfélög sem hvort eða hvert heyra til síns dómumdæmis eftir ákvæðum 1. mgr. skal ráðherra ákveða með reglugerð undir hvaða umdæmi nýja sveitarfélagið eigi þar til annarri skipan verður komið á með lögum.

## 4. gr.

Aðrir dómstólar eru Félagsdómur og Landsdómur. Um þá gilda ákvæði í öðrum lögum.

## II. KAFLI Hæstiréttur Íslands.

## 5. gr.

Í Hæstarétti Íslands eiga sæti sex dómárar sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tillögu ráðherra.

Þann einn má skipa í embætti hæstaréttardómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 35 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgarétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómárar verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraþrófi í lögum.
7. Hefur starfað í minnst fimm ár sem landsréttardómari, héraðsdómari, hæstaréttarlögmaður, prófessor í lögum, lögreglustjóri, sýslumaður, ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknari, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri í ráðuneyti því sem fer með málefni dómstóla og réttarfars eða umboðsmaður Alþingis eða hefur um jafnlangan tíma gegnt öðru líku starfi sem veitir hliðstæða lögfræðilega reynslu.
8. Telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar.

Í embætti hæstaréttardómara má ekki skipa þann sem er eða hefur verið í hjúskap við dómara sem þar er skipaður fyrir eða skyldur slíkum dómara eða mægður að feðgatali, niðjatali eða öðrum lið til hliðar.

## 6. gr.

Ráðherra skipar fimm menn í dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara, landsréttardómara og héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir formann nefndarinnar, Landsréttur, dómstólaráð og Lögmannafélag Íslands tilnefna einn nefndarmann hvert og einn nefndarmaður skal kosinn af Alþingi. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Nefndarmenn skulu ekki vera starfandi dómárar. Skipunartími í nefndina er fimm ár en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftari en tvisvar samfleytt.

Dómnefnd skal láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti hæstaréttardómara. Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvort umsækjandi sé hæfur til að hljóta embættið. Að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um störf nefndarinnar.

Ráðherra skal leggja tillögu sína um skipun í embætti hæstaréttardómara fyrir Alþingi til samþykktar. Samþykki Alþingi tillögu ráðherra skal hann senda hana til forseta Íslands sem skipar í embættið sbr. 5. gr.

## 7. gr.

Hæstaréttardómárar kjósa sér forseta til fimm ára í senn og varaforseta til sama tíma. Varaforseti gegnir störfum forseta þegar hann hefur forföll eða er fjarstaddur. Biðjist forseti eða varaforseti lausnar frá því starfi eða láti hann af dómaraembætti áður en kjörtímabili er lokið skulu dómárar kjósa annan í hans stað til loka þess. Hæstiréttur tilkynnir um kjör forseta og varaforseta með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

Forseti fer með yfirstjórn Hæstaréttar. Með þeim takmörkunum, sem leiðir af öðrum ákvæðum laga, stýrir forseti meðal annars þeirri starfsemi Hæstaréttar sem er ekki hluti af meðferð máls fyrir dómi, skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna og fer með

agavald yfir þeim. Hann ber ábyrgð á rekstri Hæstaréttar og fjárreiðum og kemur fram af hálfu dómstólsins út á við, auk þess að gegna þeim sérstöku störfum sem mælt er fyrir um í öðrum lögum.

Nú eru hvorki forseti Hæstaréttar né varaforseti við störf eða hvorugur þeirra getur tekið þátt í afgreiðslu máls eða öðru embættisverki, og kemur þá í stað forseta sá dómari sem lengst hefur verið skipaður hæstaréttardómari.

#### 8. gr.

Forseti Hæstaréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn samkvæmt ákvörðun dómenda þar. Skrifstofustjóri stýrir daglegum rekstri dómstólsins eftir nánari ákvörðun forseta og í umboði hans, auk þess að gegna öðrum störfum sem forseti kann að mæla fyrir um. Skrifstofustjóri Hæstaréttar er embættismaður og fer um stöðu hans að öðru leyti eftir almennum reglum um slíka starfsmenn ríkisins. Þann einn má skipa í embættið sem hefur lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraþrófi í lögum.

Forseti ræður til Hæstaréttar lögfræðimenntaða aðstoðarmenn og aðra starfsmenn og ákveður verksvið þeirra og stöðu. Hann fer með vald til að slíta ráðningu þeirra eftir þeim almennum reglum sem gilda um starfsmenn ríkisins.

#### 9. gr.

Eftir ákvörðun forseta taka fimm dómarar við Hæstarétt hverju sinni þátt í meðferð máls fyrir dómi.

Ef mál er umfangsmikið getur forseti ákveðið að dómari, sem tekur annars ekki þátt í meðferð þess, hlýði á málflutning og taki sæti í dómnum ef annar dómari forfallast síðar.

Þrjú dómara skulu að jafnaði taka ákvörðun um áfrýjunarleyfi og ræður þá meirihluti atkvæða. Áður en ákvörðun um áfrýjunarleyfi er birt, getur hver hinna reglulegu dómara við réttinn þó óskað eftir því að allir dómarar taki þátt í slíkri ákvörðun.

Þegar Hæstiréttur fæst að lögum samkvæmt við annað en meðferð máls fyrir dómi taka allir reglulegir dómarar þátt í ákvörðun nema mælt sé á annan veg í lögum. Hafi dómari forföll eða sé hann vanhæfur skal að jafnaði ekki kvaddur til varadómari samkvæmt 10. gr. nema færri en fimm hæstaréttardómarar geti tekið þátt í ákvörðun.

#### 10. gr.

Nú eru hæstaréttardómarar vanhæfir til að skipa dóm í máli þannig að færri en fimm hæstaréttardómarar geta tekið þátt í meðferð þess, eða dómari fær leyfi eða hefur forföll frá störfum um skamman tíma, og skipar þá ráðherra samkvæmt tillögu forseta Hæstaréttar varadómara til að taka sæti í því. Varadómari skal vera úr röðum fyrrverandi dómara við Hæstarétt. Sé það ekki unnt skal varadómari koma úr röðum landsréttardómara, prófessora í lögum eða hæstaréttarlögmannna. Varadómari skal fullnægja skilyrðum til að skipa megi hann í embætti hæstaréttardómara, sbr. 2. og 3. mgr. 5. gr. Heimilt er að skipa varadómara samkvæmt ákvæði þessu þótt hann hafi náð 70 ára aldri.

Séu allir hæstaréttardómarar vanhæfir til að skipa dóm í máli skal nefnd sem starfar samkvæmt 6. gr., gera tillögu til ráðherra um skipan dómsins. Þegar dómurinn hefur verið skipaður velja varadómarar einn úr sínum hópi til þess að sitja þar í forsæti.

Varadómari verður ekki leystur frá starfi í máli nema eftir sömu reglum og gilda um skipaða dómara.

Hæstiréttur ákveður þóknun varadómara og greiðist hún úr ríkissjóði.

#### 11. gr.

Hæstaréttardómara verður ekki veitt leyfi frá störfum af öðrum sökum en vegna veikinda í lengri tíma en tólf mánuði samfleytt. Ráðherra veitir dómara leyfi frá störfum. Að fenginni tillögu Hæstaréttar setur ráðherra dómara í embætti meðan á leyfi reglulegs dómara stendur, enda verði ekki farið svo að á leyfistímanum sem í 10. gr. segir. Settur dómari skal koma úr röðum fyrrverandi dómara við Hæstarétt. Sé það ekki unnt skal settur dómari koma úr röðum landsréttardómara, prófessora í lögum eða

hæstaréttarlögmannanna. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt að veita hæstaréttardómara leyfi frá störfum að eigin ósk í allt að sex ár til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða starfi við alþjóðastofnun. Skal embættið þá auglýst laust til setningar á leyfistímanum, en við veitingu þess skal gætt ákvæða 6. gr.

Sá einn verður settur til að gegna embætti hæstaréttardómara sem fullnægir skilyrðum til að verða skipaður í það. Þó er heimilt að setja dómara samkvæmt 1. mgr. þótt hann hafi náð 70 ára aldri. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómari nema að því leyti sem leiðir af því að starfi hans er markaður ákveðinn tími.

#### 12. gr.

Hæstiréttur heldur dómþing í Reykjavík nema sérstök ástæða sé til annars.

Forseti Hæstaréttar stýrir dómi ef hann á þar sæti, en ella varaforseti. Taki hvorugur þeirra þátt í meðferð máls situr þar í forsæti sá dómari í málinu sem lengst hefur verið skipaður hæstaréttardómari.

Hæstiréttur getur ákveðið að draga úr eða fella niður tímabundið reglulega starfsemi til að koma megi við orlofi dómara og annarra starfsmanna.

#### 13. gr.

Um þingbækur, dómabækur, atkvæðabækur og málaskrár fer samkvæmt reglum sem Hæstiréttur setur.

Dómar Hæstaréttar skulu gefnir út. Um tilhögun útgáfunnar fer eftir ákvörðun Hæstaréttar að fengnu samþykki ráðherra.

### III. KAFLI Landsréttur.

#### 14. gr.

Í Landsrétti eiga sæti fimmtán dómara sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tillögu ráðherra.

Þann einn má skipa í embætti landsréttardómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 35 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómara verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraþrófi í lögum.
7. Hefur starfað í minnst þrjú ár sem héraðsdómari, hæstaréttarlögmaður, prófessor eða dósent í lögum, lögreglustjóri, sýslumaður, ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknari, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri í ráðuneyti því er fer með málefni dómstóla og réttarfars eða umboðsmaður Alþingis eða hefur um jafnlangan tíma gegnt öðru líku starfi sem veitir hliðstæða lögfræðilega reynslu.
8. Telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar.

Í embætti landsréttardómara má ekki skipa þann sem er eða hefur verið í hjúskap við dómara sem þar er skipaður fyrir eða skyldur slíkum dómara eða mægður að feðgatali, niðjatali eða öðrum lið til hliðar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 6. gr. gilda að breyttu breytanda við skipun í embætti dómara við Landsrétt.

#### 15. gr.

Landsréttardómara kjósa sér forseta til fimm ára í senn og varaforseta til sama tíma. Varaforseti gegnir störfum forseta þegar hann hefur forföll eða er fjarstaddur. Biðjist forseti eða varaforseti lausnar frá því starfi eða láti hann af dómaraembætti áður en

kjörtímabili er lokið skulu dómáramar kjósa annan í hans stað til loka þess. Landsréttur tilkynnir um kjör forseta og varaforseta með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

Forseti fer með yfirstjórn Landsréttar. Með þeim takmörkunum, sem leiðir af öðrum ákvæðum laga, stýrir forseti meðal annars þeirri starfsemi Landsréttar sem er ekki hluti af meðferð máls fyrir dómi, skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna og fer með agavald yfir þeim. Hann ber ábyrgð á rekstri Landsréttar og fjárreiðum og kemur fram af hálfu dómstólsins út á við.

Nú eru hvorki forseti Landsréttar né varaforseti við störf eða hvorugur þeirra getur tekið þátt í afgreiðslu máls eða öðru embættisverki, og kemur þá í stað forseta sá dómari sem lengst hefur verið skipaður landsréttardómari en að því frágengnu sá sem elstur er að lífaldri.

#### 16. gr.

Forseti Landsréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn samkvæmt ákvörðun dómara réttarins. Skrifstofustjóri stýrir daglegum rekstri dómstólsins eftir nánari ákvörðun forseta og í umboði hans, auk þess að gegna öðrum störfum sem forseti kann að mæla fyrir um. Skrifstofustjóri Landsréttar er embættismaður og fer um stöðu hans að öðru leyti eftir almennum reglum um slíka starfsmenn ríkisins. Þann einn má skipa í embættið sem hefur lokið embættisprófi eða grunnámi ásamt meistaraþrófi í lögum.

Forseti ræður til Landsréttar lögfræðimenntaða aðstoðarmenn og aðra starfsmenn og ákveður verksvið þeirra og stöðu. Hann fer og með vald til að slíta ráðningu þeirra eftir þeim almennum reglum sem gilda um starfsmenn ríkisins.

#### 17. gr.

Þrír dómáramar við Landsrétt taka þátt í meðferð máls fyrir dómi. Forseti skal úthluta málum og ákveða hver skuli taka sæti dómformanns hverju sinni.

Ef mál er umfangsmikið getur forseti ákveðið að dómari, sem tekur annars ekki þátt í meðferð þess, hlýði á málflutning og taki sæti í dómnum ef annar dómari forfallast síðar.

Þrír dómáramar skulu taka ákvörðun um áfrýjunarleyfi og ræður þá meirihluti atkvæða.

Þegar Landsréttur fæst lögum samkvæmt við annað en meðferð máls fyrir dómi taka allir reglulegir dómáramar þátt í ákvörðun nema mælt sé á annan veg í lögum. Þó getur Landsréttur falið forseta einum að ráða til lykta ýmsum minni háttar málefnum.

#### 18. gr.

Nú fær landsréttardómari leyfi eða hefur forföll frá störfum um skamman tíma, og skipar þá ráðherra samkvæmt tillögu forseta varadómara til að taka sæti hans. Varadómari skal fullnægja skilyrðum til að skipa megi hann í embætti landsréttardómara, sbr. 2. og 3. mgr. 14. gr. Heimilt er að skipa varadómara samkvæmt ákvæði þessu þótt hann hafi náð 70 ára aldri. Sé ekki unnt að fullskipa dóm í máli vegna vanhæfis landsréttardómara skal nefnd sem starfar samkvæmt 6. gr., gera tillögu til ráðherra um skipan dómara svo dómur sé fullskipaður. Þegar dómurinn hefur verið skipaður velja dómáramar einn úr sínum hópi til þess að sitja þar í forsæti.

Varadómara verður ekki vikið úr starfi nema eftir sömu reglum og gilda um skipaða dómara.

Landsréttur ákveður þóknun varadómara og greiðist hún úr ríkissjóði.

#### 19. gr.

Landsréttardómara verður ekki veitt leyfi frá störfum af öðrum sökum en vegna veikinda í lengri tíma en tólf mánuði samfleytt. Ráðherra veitir dómara leyfi frá störfum. Að fenginni tillögu Landsréttar setur ráðherra dómara í embætti meðan á leyfi reglulegs dómara stendur, enda verði ekki farið svo að á leyfistímanum sem í 18. gr. segir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt að veita landsréttardómara leyfi frá störfum að eigin ósk til allt að sex ára til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða við starfi við aðra alþjóðastofnun eða þegið setningu sem

hæstaréttardómari.. Skal embættið þá auglýst laust til setningar annars dómara á leyfistímanum, en við veitingu þess skal gætt ákvæða 6. gr.

Sá einn verður settur til að gegna embætti landsréttardómara sem fullnægir skilyrðum til að verða skipaður í það. Þó er heimilt að setja dómara samkvæmt 1. mgr. þótt hann hafi náð 70 ára aldri. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómari nema að því leyti sem leiðir af því að starfi hans er markaður ákveðinn tími.

20. gr.

Landsréttur heldur dómþing í Reykjavík nema sérstök ástæða sé til annars.

Landsréttur getur ákveðið að draga úr eða fella niður tímabundið reglulega starfsemi til að koma megi við orlofi dómara og annarra starfsmanna.

21. gr.

Um þingbækur, dómabækur, atkvæðabækur og málaskrár fer samkvæmt reglum sem Landsréttur setur.

Dómar Landsréttar skulu gefnir út. Um tilhöfun útgáfunnar fer eftir ákvörðun Landsréttar að fengnu samþykki ráðherra.

#### **IV. KAFLI** **Héraðsdómstólar.**

22. gr.

Dómarar í héraði eru 38 að tölu og skipaðir ótímabundið í embætti héraðsdómara af ráðherra.

Þann má einn skipa í embætti héraðsdómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 30 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraþrófi í lögum.
7. Hefur í minnst þrjú ár verið alþingismaður eða stundað málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi, en leggja má saman starfstíma í hverri af þessum greinum.
8. Telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 6. gr. gilda að breyttu breytanda við skipun í embætti héraðsdómara.

23. gr.

Í dómstólaráði eiga sæti fimm menn sem ráðherra skipar. Tveir þeirra skulu kjörnir af héraðsdómurum úr þeirra röðum, tveir kjörnir af dómstjórum við héraðsdómstóla úr þeirra röðum, en ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi dómari. Skipunartími í dómstólaráð er fimm ár, en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár. Hver þessara fimm manna skal hafa varamann sem skipaður er og eftir atvikum tilnefndur á sama hátt og aðalmaður. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í dómstólaráði oftari en tvisvar samfleytt.

Láti héraðsdómari eða dómstjóri, sem sæti á í dómstólaráði, af embætti eða starfi dómstjóra áður en skipunartími hans er á enda eða fái hann lausn frá setu í ráðinu skal annar kjörinn og skipaður í hans stað til loka skipunartímans. Ráðherra skipar til sama tíma nýjan mann í dómstólaráð ef sá sem hann skipar án tilnefningar hverfur frá starfinu áður en skipunartíma lýkur.

Dómstólaráð kys sér formann frá byrjun hvers árs að telja. Það ákveður hvar starfsemi þess fer fram.

Kjararáð ákveður þóknun fyrir setu í dómstólaráði.

#### 24. gr.

Auk þess sem mælt er fyrir um í öðrum ákvæðum þessara laga er hlutverk dómstólaráðs sem hér segir:

1. Að fara með á sína ábyrgð fjárreiður héraðsdómstóla, gera tillögur til ráðherra um sameiginlega fjárveitingu til þeirra og skipa á milli þeirra fé sem skal veitt þeim í einu lagi með fjárlögum.
2. Að ákveða fjölda dómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól, svo og að setja almennar reglur um flutning dómara á milli þeirra.
3. Að skipuleggja endurmenntun héraðsdómara og annarra lögfræðinga í þjónustu héraðsdómstóla.
4. Að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla, en dómstólaráð getur ákveðið að slíka reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmála að því leyti sem dómari ber einn ábyrgð á henni, sbr. 1. mgr. 34. gr.
5. Að safna upplýsingum um fjölda og afgreiðslu mála við héraðsdómstóla og gera eftir þörfum ábendingar af því tilefni, svo og að stuðla að öðru leyti að því að gætt sé þar skilvirkni og hraða við rekstur dómsmála.
6. Að setja eftir þörfum almennar reglur um viðveruskyldu héraðsdómara á vinnustað og tilhögun orlofs þeirra, þar á meðal um hvort og þá hvernig dregið verði úr starfsemi héraðsdómstóla vegna orlofs dómara og annarra starfsmanna.
7. Að koma fram gagnvart stjórnvöldum og öðrum í þágu héraðsdómstólanna sameiginlega.
8. Að gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum héraðsdómstóla eða löggjöf sem um þá gilda.

Dómstólaráð skal gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og héraðsdómstólanna.

#### 25. gr.

Dómstólaráð ákveður við hvaða héraðsdómstól dómari skuli eiga fast sæti. Heimilt er þó að ákveða að allt að þrjú héraðsdómarar eigi ekki fast sæti við tiltekinn dómstól, heldur sinni þeir störfum við alla héraðsdómstóla eftir því sem þeim kann að vera úthlutað af málum við hvern þeirra í skjóli almennrar heimildar dómstólaráðs. Dómstólaráð ákveður hvar slíkir dómarar hafi starfsstöð.

Ákvörðun dómstólaráðs um starfsvettvang samkvæmt 1. mgr. skal hvort heldur gilda um óákveðinn tíma eða tiltekið tímabil. Þegar embætti héraðsdómara er laust skal að jafnaði taka ákvörðun um fyrsta starfsvettvang væntanlegs dómara áður en það er auglýst laust til umsóknar.

Eftir því sem frekast er unnt skal dómstólaráð taka tillit til óska héraðsdómara þegar starfsvettvangur hans er ákveðinn.

Héraðsdómari á rétt á að skipta um starfsvettvang svo fljótt sem verða má eftir að hafa starfað í þrjú ár við sama dómstól eða án fasts sætis við tiltekinn dómstól, enda standi ákvæði 5. mgr. því ekki í vegi að fengið verði fyrir hann dómarasæti á öðrum vettvangi.

Héraðsdómari verður ekki færður á nýjan starfsvettvang gegn vilja sínum í lengri tíma en sex mánuði á hverju tíu ára tímabili ef hann getur ekki með góðu móti sótt vinnu þar án búferlaflutninga. Þetta gildir þó ekki ef flytja þarf dómara af starfsvettvangi sínum vegna varanlegrar fækkunar dómara þar.

Ef þörf er á héraðsdómara, sem á fast sæti við héraðsdómstól, til að starfa að tilteknu dómsmáli við annan héraðsdómstól, þar á meðal í fjölskipuðum dómi, ákveður dómstólaráð hverjum verði falið starfið. Dómara er skylt að hlíta slíkri ákvörðun dómstólaráðs.

## 26. gr.

Ráðherra skipar dómstjóra við hvern héraðsdómstól til fimm ára í senn. Þar sem þrír eða fleiri dómara eiga fast sæti við héraðsdómstól kjósa þeir einn úr sínum röðum til að gegna starfinu, en séu dómaramenn tveir tilnefndir dómstólaráð annan þeirra til starfans ef þeir koma sér ekki saman um valið. Kosning eða tilnefning bindur ekki ráðherra um skipun dómstjóra. Ef dómari er einn við héraðsdómstól skal hann skipaður þar dómstjóri. Skipun dómstjóra raskast ekki þótt dómurum við dómstól fjölgi eða fækki á skipunartímanum.

Við héraðsdómstól þar sem þrír eða fleiri héraðsdómara eiga fast sæti er þeim heimilt að kjósa varadómstjóra, en að öðrum kosti telst staðgengill dómstjóra vera sá dómari við dómstólinn sem lengst hefur verið skipaður í embætti héraðsdómara.

Flytjist dómari, sem gegnir starfi dómstjóra, til annars dómstóls eða sé honum veitt lausn frá starfinu eða embætti héraðsdómara skal skipaður nýr dómstjóri samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

Nú telur dómstólaráð dómstjóra brjóta af sér í starfi, og skal það þá gefa honum kost á að tjá sig um ávirðingarnar. Telji dómstólaráð skýringar dómstjóra óviðunandi getur það veitt honum skriflega áminningu. Ef sakir eru miklar eða brot ítrekað getur dómstólaráð lagt til í rökstuddu erindi að dómstjóra verði veitt lausn frá starfinu. Ráðherra tekur ákvörðun um hvort dómstjóra verði veitt lausn, en um meðferð slíks máls gilda að öðru leyti ákvæði stjórnisýslulaga.

Auk þess að gegna dómstörfum hefur dómstjóri með höndum stjórn héraðsdómstóls og ber ábyrgð á starfsemi hans. Dómstjóri skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna, hann getur skipt dómurum í deildir og úthlutar dómurum eða deildum þeirra málum. Dómstjóri ræður aðra starfsmenn dómstóls en héraðsdómara og slítur ráðningu þeirra. Honum ber að fylgjast með störfum dómara og annarra starfsmanna og gæta aga gagnvart þeim að því leyti sem ekki kemur í hlut annarra samkvæmt ákvæðum 38. – 40. gr. Hann fer á eigin ábyrgð með fé sem dómstólaráð leggur dómstólum í hendur, hann annast samskipti við dómstólaráð um þau málefni sem undir það heyra og hefur annars með höndum verkefni sem dómstólaráð kann að fela honum sérstaklega. Þá kemur dómstjóri að öðru leyti fram út á við í þágu dómstólsins og er í fyrirsvari um sérstök málefni hans.

## 27. gr.

Til aðstoðar dómurum má ráð lögfræðinga sem fullnægja skilyrðum 2. – 6. tölul. 2. mgr. 22. gr. Aðstoðarmaður skal ráðinn til fimm ára og er heimilt að endurnýja þá ráðningu einu sinni. Að öðru leyti gilda um hann almennar reglur um starfsmenn ríkisins.

Dómstjóri getur falið aðstoðarmanni önnur dómstörf en þau að fara með og leysa að efni til úr hvers konar einkamálum, þar sem vörnum er haldið uppi, og sakamálum frá því að þau koma til aðalmeðferðar. Dómstjóri ber ábyrgð á störfum aðstoðarmanns og getur gefið honum fyrirmæli um hvað eina sem lýtur að rækslu þeirra.

## 28. gr.

Við úthlutun mála til dómara eða deilda þeirra skal dómstjóri gæta þess að starfsálag þeirra verði svo jafnt sem auðið er, en eftir föngum skal leitast við að tilviljun ráði hvaða dómari fær mál til meðferðar. Dómstólaráð getur sett leiðbeiningarreglur um úthlutun mála.

Sé máli úthlutað deild dómara ákveða þeir sem hana skipa hver þeirra fari með það.

Einn héraðsdómari skipar dóm í hverju máli nema annað sé skylt að lögum. Dómstjóri getur þó ákveðið að nýtt verði heimildar í öðrum lögum til að dómur verði fjölskipaður héraðsdómurum. Hann úthlutar þeim þá máli í sameiningu og velur einn úr hópi þeirra til að sitja þar í forsæti. Sé þörf á héraðsdómara frá öðrum dómstóli til að skipa dóm í máli leitar dómstjóri til dómstólaráðs sem felur dómara verkið.

Dómara er heimilt að biðjast undan úthlutun máls vegna tengsla við efni þess, aðila, fyrirsvarsmann eða lögmann þótt hann verði ekki talinn vanhæfur til að fara með það, enda sé beiðni hans studd haldbærum rökum og kostur annars dómara við dómstólinn til



að fara með málið. Þá er dómara og heimilt að biðjast undan úthlutun vegna sérstakra anna eða þess að jafnaðar sé ekki gætt með henni. Dómstjóri tekur afstöðu til beiðna sem þessara, en dómara þeim sem í hlut á er heimilt að skjóta ákvörðun hans til úrlausnar dómstólaráðs. Þeirri úrlausn verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

Dómstjóra er heimilt að draga aftur úthlutun án beiðni þess dómara sem hefur fengið mál til meðferðar ef hann verður ekki við tilmælum dómstjóra um að ljúka því innan hæfilegs frests eða veikindi hans eða hliðastæð atvik torvelða að hann geti sinnt því. Hlutaðeigandi dómara er heimilt að skjóta slíkri ákvörðun dómstjóra til úrlausnar dómstólaráðs. Þeirri úrlausn verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

Nú vikur héraðsdómari sæti í máli, og skal þá dómstjóri úthluta því á ný, enda fullnægi annar dómari sérstökum hæfisskilyrðum til að fara með það. Ef með þarf getur dómstjóri leitað til dómstólaráðs um að það feli dómara við annan dómstól að taka við úthlutun málsins.

#### 29. gr.

Fullnægi engin dómari við héraðsdómstól sérstökum hæfisskilyrðum til að fara með mál kveður dómstjóri í einu lagi upp úrskurð um að þeir víki allir sæti í því. Reynist enginn dómari við annan dómstól heldur hæfur til að fara með málið gefur dómstólaráð skriflegt og rökstutt álit um það. Skal þá ráðherra skipa setudómara til að fara með málið.

Setudómari skal fullnægja skilyrðum til að fá skipun í embætti héraðsdómara. Nú hefur setudómari verið skipaður og hann telur þörf á að dómur verði fjölskipaður í málinu með öðrum en sérfróðum meðdómsmönnum eða það er skylt að lögum. Skal ráðherra þá að ósk hans skipa aðra tvo setudómara til að fara með málið með honum en sá sem fyrst var skipaður situr í forsæti í dómnum.

Setudómara verður ekki vikið úr starfi nema eftir sömu reglum og gilda um skipaða dómara.

Dómstólaráð ákveður þóknun setudómara og greiðist hún úr ríkissjóði.

#### 30. gr.

Héraðsdómara verður ekki veitt leyfi frá störfum í lengri tíma samfleytt en tólf mánuði nema vegna veikinda. Dómstólaráð getur þó veitt undanþágu til leyfis í lengri tíma, til mest tólf mánaða í senn, ef dómari leitar eftir því til náms. Dómstólaráð setur að öðru leyti reglur um leyfi héraðsdómara frá störfum. Dómstólaráð veitir leyfi vegna orlofs, auk þess að taka afstöðu til umsóknar um leyfi í öðru skyni, sem stendur í heild í mánuð eða skemmri tíma. Að öðrum kosti gerir það tillögu um afgreiðslu umsóknar héraðsdómara um leyfi, en ráðherra ákveður hvort það skuli veitt að fenginni slíkri tillögu.

Nú hefur héraðsdómari forföll eða honum er veitt leyfi samkvæmt 1. mgr. og verður þá annar því aðeins settur í embætti hans að sérstakar annir krefji og dómstólaráð mæli með því. Ráðherra setur þá dómara að fenginni ábendingu dómstólaráðs um mann til starfans. Ráðherra getur þó að eigin frumkvæði eða eftir tillögu dómstólaráðs auglýst embættið laust til setningar meðan á leyfi skipaðs dómara stendur, en dómstólaráð skal þá velja einn úr hópi umsækjenda til að benda á til starfans.

Þrátt fyrir framangreint er ráðherra heimilt að veita héraðsdómara leyfi að eigin ósk frá störfum til allt að sex ára til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða við starfi við aðra alþjóðastofnun eða þegið setningu sem landsréttardómari eða hæstaréttardómari. Skal embættið þá auglýst laust til setningar annars dómara á leyfistímanum, en við veitingu þess skal gætt ákvæða 6. gr.

Sá einn verður settur til að gegna embætti héraðsdómara sem fullnægir skilyrðum til að fá skipun í það. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómari.

#### 31. gr.

Héraðsdómstólar skulu hver um sig hafa fastan þingstað á aðsetri sínu, svo og annars í hverri þinghá samkvæmt ákvörðun ráðherra séu þær fleiri en ein innan umdæmis

dómstóls. Um slíka ákvörðun skal mælt í reglugerð sem ráðherra setur að fenginni tillögu hlutaðeigandi dómstóls.

Héraðsdómari getur háð þing utan fasts þingstaðar til að taka mál fyrir innan umdæmis síns ef það þykir heppilegt vegna rekstrar þess. Með sama skilyrði getur héraðsdómari einnig háð þing utan umdæmis síns til að taka fyrir mál eftir þingfestingu þess.

32. gr.

Við héraðsdómstóla skulu háð regluleg dómþing á föstum þingstöðum samkvæmt því sem dómstólaráð ákveður að fengnum tillögum dómstjóra. Dómstólaráð tilkynnir slíka ákvörðun með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

## V. KAFLI

### Réttindi og skyldur dómara.

33. gr.

Ákvæði þessa kafla taka jafnt til dómara við Hæstarétt, Landsrétt og héraðsdómara nema annars sé sérstaklega getið.

Til að gegna störfum sem mælt er nánar fyrir um í þessu kafla skipar ráðherra þrjú menn til að sitja í nefnd um dómarastörf, svo og jafnmarga til vara. Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Dómarafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands og einn skipar ráðherra án tilnefningar. Skal sá síðastnefndi vera formaður nefndarinnar og fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarmanna er sex ár en þó þannig að skipunartími eins þeirra rennur út annað hvert ár. Sömu reglur gilda um skipun varamanna. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftari en tvisvar samfleytt.

Úrlausnum nefndar um dómarastörf verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

Nefnd um dómarastörf skal eftir þörfum hafa samvinnu við dómstólaráð um starfsemi sína. Kjarraráð ákveður þóknun fyrir setu í nefndinni.

34. gr.

Dómarar eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi ég eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra. Dómsathöfn verður ekki endurskoðuð af öðrum nema með málskoti til æðra dóms.

Dómara er skylt að ljúka á hæfilegum tíma þeim málum sem hann fær úthlutað til meðferðar og rækja störf sín af alúð og samviskusemi. Dómara ber að hlíta boði forstöðumanns dómstóls um önnur atriði varðandi störf sín en meðferð og úrlausn máls. Héraðsdómurum ber og að hlíta lögmætum ákvörðunum dómstólaráðs.

Dómurum ber að leitast við að halda við þekkingu sinni í lögum. Þeim skal gefinn kostur á leyfi og stuðningi til endurmenntunar.

Ráðherra skal setja nánari reglur þar um.

35. gr.

Kjarraráð ákveður laun dómara fyrir embættisstörf þeirra.

36. gr.

Dómara er óheimilt að taka að sér starf eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans eða leiðir af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi.

Nefnd um dómarastörf setur almennar reglur um hvers konar aukastörf geti samrýmst embættisstörfum dómara. Dómari skal tilkynna nefndinni um aukastarf áður en hann tekur við því. Sé ekki getið um heimild til að gegna starfinu í almennum reglum nefndarinnar skal dómari þó fyrirfram leita leyfis hennar til þess.

Nefnd um dómarastörf setur almennar reglur um að hvaða marki samrýmanlegt sé embætti dómara að hann eigi hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Dómari skal tilkynna

nefndinni um hlut sem hann eignast í félagi eða fyrirtæki. Sé ekki getið um heimild til að eiga slíkan hlut í almennum reglum nefnarinnar skal dómari þó fyrirfram leita leyfis hennar til þess.

Með rökstuddri ákvörðun getur nefnd um dómarastörf meinað dómara að gegna aukastarfi eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Dómara ber að hlíta slíku banni, en heimilt er að leita úrlausnar dómstóla um lögmæti þess.

#### 37. gr.

Hverjum þeim sem telur dómara hafa gert á hans hlut með störfum sínum er heimilt að beina skriflegri kvörtun af því tilefni til nefndar um dómarastörf. Í slíkri kvörtun skal greint frá atvikum og röksemdum fyrir því að brotið hafi verið á rétti þess sem hana ber fram. Berist nefndinni kvörtun sem hún telur þegar sýnt að gefi ekki tilefni til frekari aðgerða vísar hún kvörtuninni frá sér. Að öðrum kosti gefur nefndin hlutaðeigandi dómara og forstöðumanni dómstóls kost á að skila skriflegum athugasemdum innan tiltekins frests. Heimilt er nefndinni að taka í einu lagi til meðferðar tvær eða fleiri kvartanir sem beinast að sama dómara.

Sé kvörtun metin tæk til meðferðar skal nefnd um dómarastörf ljúka málinu með skriflegu og rökstuddu álitni. Telji nefndin kvörtunina gefa tilefni til aðgerða getur hún í álitni sínu fundið að störfum hlutaðeigandi dómara eða veitt honum áminningu eftir ákvæðum 38. gr.

#### 38. gr.

Nú telur forstöðumaður dómstóls að háttsemi dómara eða vanræksla í starfi eða framferði hans utan starfs sé slík að aðfinnsluvert sé án þess þó að ákvæði 2. mgr. eigi við. Getur þá forstöðumaðurinn beint munnlegum eða skriflegum tilmælum til dómarsans um úrbætur.

Beri tilmæli samkvæmt 1. mgr. ekki árangur eða telji forstöðumaður dómstóls ávirðingar dómara alvarlegri en svo að tilmæli hans ein séu við hæfi skal hann beina málinu til nefndar um dómarastörf með skriflegu og rökstuddu erindi. Eins skal farið að ef dómari hlítir ekki ákvörðun dómstólaráðs eða banni samkvæmt 4. mgr. 36. gr.

Ráðherra er heimilt að beina máli til nefndar um dómarastörf með sama hætti og greinir í 2. mgr. Þá er nefndinni heimilt að taka mál upp að eigin frumkvæði ef atvik eru með þeim hætti sem þar segir.

Berist nefnd um dómarastörf mál samkvæmt því sem um ræðir í 2. eða 3. mgr. skal hún gefa hlutaðeigandi dómara kost á að taka til andsvara í skriflegri greinargerð. Nefndinni ber að öðru leyti að afla gagna eftir því sem hún telur nauðsyn bera til. Um meðferð máls fer annars samkvæmt ákvæðum stjórnáskilulaga eftir því sem átt getur við.

Nefnd um dómarastörf skal ljúka máli með skriflegri og rökstuddri ákvörðun um hvort hlutaðeigandi dómara verði veitt áminning. Sé áminning veitt skal hún birt dómaranum með sannanlegum hætti, en jafnframt skal þá ákvörðunin send forstöðumanni dómstólsins sem hann starfar við auk ráðherra.

Dómstólaráði skal jafnframt send ákvörðunin ef héraðsdómari á í hlut.

Dómara sem hefur sætt áminningu, er heimilt að höfða mál á hendur ráðherra fyrir hönd ríkisins til að fá hana fellda úr gildi, en það skal þá gert innan mánaðar frá því að hún var birt dómaranum.

#### 39. gr.

Veita má dómara lausn frá embætti um stundarsakir ef hann hefur sætt áminningu en lagar sig ekki að henni innan hæfilegs tíma eða gerist innan þriggja ára á ný sekur um ávirðingar sem gefa tilefni til áminningar. Dómara verður einnig veitt lausn frá embætti um stundarsakir ef hann missir almenn hæfisskilyrði til að gegna því. Það sama gildir jafnframt ef rannsókn lögreglu beinist að dómara eða sakamál er höfðað gegn honum og áfellingdómur um sakirnar sem hann er borinn yrði til þess að hann missti almenn hæfisskilyrði.

Forseti Íslands veitir dómara við Hæstarétt og Landsrétt lausn frá embætti um stundarsakir samkvæmt tillögu ráðherra, en ráðherra veitir héraðsdómara slíka lausn. Áður en lausn er veitt um stundarsakir skal ráðherra afla skriflegrar umsagnar frá nefnd um dómarastörf.

Nú hefur dómara verið veitt lausn frá embætti um stundarsakir af öðrum ástæðum en þeim sem getur í lokamálslið 1. mgr., og skal þá innan tveggja mánaða höfða á hendur honum mál samkvæmt því sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 40. gr., en ella fellur lausnin sjálfkrafa niður. Verði máli vísað frá dómi eða sé það fellt niður fellur lausnin jafnframt sjálfkrafa niður ef nýtt mál er ekki höfðað innan tveggja vikna en þannig verður þó ekki farið að oftast en eitt skipti. Lausn sem veitt hefur verið um stundarsakir eftir ákvæði lokamálsliðar 1. mgr. þessarar greinar stendur þar til rannsókn lýkur með ákvörðun um að hlutaðeigandi dómari verði ekki sóttur til saka, sex mánuðir eru liðnir án þess að ákæra sé gefin út á hendur honum eða sakamáli lýkur með endanlegum dómi um sýknu hans en annars þar til tvær vikur eru liðnar frá því að endanlegur dómur hefur gengið um sakfellingu hans.

Dómari heldur fullum embættislaunum meðan á lausn um stundarsakir stendur.

#### 40. gr.

Þegar dómara hefur verið veitt lausn frá embætti um stundarsakir höfðar ráðherra fyrir hönd ríkisins mál á hendur honum fyrir héraðsdómi Reykjavíkur með kröfu um að honum verði vikið úr embætti með dómi. Um rekstur málsins fer eftir almennum reglum um meðferð einkamála að öðru leyti en því að það sætir flýtimeðferð og skal dómur skipaður þremur héraðsdómurum.

Þótt dómur gangi í héraði í máli samkvæmt 1. mgr. stendur lausn um stundarsakir áfram meðan kostur er á áfrýjun innan almenns frests, svo og enn eftir það meðan mál er rekið fyrir Landsrétti eða Hæstarétti ef áfrýjað er.

Endanlegur dómur um að dómara sé vikið frá leiðir sjálfkrafa til lausnar hans úr embætti.

Sé dómari sýknaður af kröfu um frávikningu tekur hann sjálfkrafa við embætti sínu á ný frá þeim tíma sem dómur um það telst endanlegur.

#### 41. gr.

Forseti Íslands veitir dómurum við Hæstarétt og Landsrétt lausn frá embætti samkvæmt tillögu ráðherra en ráðherra héraðsdómurum.

Dómara skal veitt lausn frá embætti ef hann leitar eftir henni sjálfur, enda sé það gert með þeim fyrirvara sem gildir almennt um starfsmenn ríkisins.

Dómari telst sjálfkrafa fá lausn frá embætti ef hann tekur við skipun í annað embætti.

Heimilt er að veita dómara lausn frá embætti án óskar hans ef hann er orðinn 65 ára, en hann skal þá upp frá því taka eftirlaun svo sem hann hefði gegnt embættinu til 70 ára aldurs nema hann njóti ríkari réttar samkvæmt stjórnskipunarlögum.

Dómara skal veitt lausn frá embætti ekki síðar en frá þeim degi sem hann nær 70 ára aldri.

#### 42. gr.

Um refsíabyrgð dómara vegna háttsemi hans í embætti fer eftir almennum reglum hegningarlögum og sérákvæðum annarra laga.

Verði athafnir dómara í starfi eða athafnaleyssi öðrum til tjóns ber ríkið á því bótaábyrgð eftir almennum reglum. Dómari verður ekki sjálfur krafinn um bætur, en ríkinu er þó heimilt að gengnum áfellingisdómi að beina að honum framkröfu, enda hafi ásetningsverk hans leitt til bótaskyldu.

Við rekstur mála samkvæmt framangreindu skal fara eftir almennum reglum.

#### 43. gr.

Um önnur atriði en að framan greinir gilda almennar reglur um starfsmenn ríkisins um dómara eftir því sem átt getur við.

## **VI. KAFLI** **Endurupptökunefnd.**

44. gr.

Endurupptökunefnd er sjálfstæð stjórnýslunefnd sem tekur ákvörðun um hvort heimila skuli endurupptöku dómsmáls sem dæmt hefur verið í héraði, Landsrétti eða Hæstarétti.

Um endurupptöku máls fer eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála og laga um meðferð einkamála.

Endurupptökunefnd skipa þrjú fulltrúar og þrjú til vara sem allir skulu hafa lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraþrófi í lögum. Einn aðalmaður skal tilnefndur af Hæstarétti, annar af dómstólaráði og Alþingi kys þann þriðja. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Óheimilt er að tilnefna alþingismenn, starfsmenn Stjórnarráðs Íslands, dómara eða aðra starfsmenn dómstóla í nefndina.

Nefndarmenn eru skipaðir af ráðherra. Skipunartími í nefndina er sex ár en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út annað hvert ár. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oft en einu sinni. Formaður nefndarinnar er skipaður af ráðherra til tveggja ára í senn og skal hann fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti hæstaréttardómara.

Um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstaks máls fer eftir ákvæðum réttarfarslaga um hæfi dómara.

Ákvarðanir nefndarinnar eru teknar með meiri hluta atkvæða fulltrúa í nefndinni. Þær skulu vera rökstuddar og birtar opinberlega eftir að þær hafa verið kunngerðar aðilum málsins.

Ákvörðun nefndarinnar um að synja beiðni um endurupptöku máls er endanleg og verður ekki skotið til dómstóla.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um störf nefndarinnar og starfsskilyrði.

## **VII. KAFLI** **Gildistaka, brottfall laga o.fl.**

45. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2016 að undanskildum ákvæðum 46. – 49. gr. sem taka þegar gildi.

Þá tekur 9. gr. laganna ekki gildi fyrr en fjöldi dómara við Hæstarétt Íslands verður sá er kveðið er á um í 5. gr.

## **VII. KAFLI** **Ákvæði til bráðabirgða.**

46. gr.

Með gildistöku laga þessara er ekki raskað stöðu þeirra sem þegar hafa verið skipaðir eða settir í dómaraembætti. Frá gildistöku þessarar greinar skal hvorki setja né skipa í embætti dómara við Hæstarétt Íslands samkvæmt 11. gr. fyrr en fjöldi dómara verður sá er kveðið er á um í 5. gr.

47. gr.

Með gildistöku laga þessara er ekki raskað skipun í dómstólaráð, nefnd um dómaraastörf eða endurupptökunefnd.

48. gr.

Við gildistöku laga þessara fellur niður skipun dómnefndar skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla og í stað hennar tekur til starfa nefnd samkvæmt 6. gr. laganna. Þegar

skipað er í fyrsta sinn í dómnefnd samkvæmt 6. gr. skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kalli svo að fimmti aðalmaðurinn ásamt varamanni sé skipaður til fimm ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

Þegar skipað skipað er í fyrsta sinn í dómnefnd samkvæmt 6. gr. skal ráðherra tilnefna einn nefndarmann ásamt varamanni í stað Landsréttar.

#### 49. gr.

Þeir sem skipaðir eru hæstaréttardómarar við gildistöku laga þessara skulu hafa forgang til skipunar í embætti dómara við Landsrétt kjósi þeir það.

Þegar ráðherra gerir tillögu um skipun í embætti dómara við Landsrétt í fyrsta sinn skal hann leggja tillögu sína um hverja skipun fyrir Alþingi til samþykktar. Samþykki Alþingi tillögur ráðherra skal hann senda þær til forseta Íslands sem skipar í embættin sbr. 14. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### *I. Aðdragandi og tilurð frumvarpsins*

Þann 1. ágúst 2013 skipaði innanríkisráðherra nefnd sem var falið það verkefni að semja frumvarp þetta. Nefndin var skipuð þeim Kristínu Edwald hrl., sem fór fyrir nefndinni, Hafsteini Þór Haukssyni lektor og Hervöru Þorvaldsdóttur héraðsdómara. Nefndinni var ætlað að semja reglur um skipan og starfsemi dómstóla með tilliti til upptöku millidómstigs en um alllangt skeið hefur verið rætt um nauðsyn þess að koma á fót slíku dómstigi er skipaður yrði sess á milli dómstóla í héraði og Hæstaréttar Íslands. Þá var nefndinni ætlað að taka til skoðunar stjórnáslu dómstólanna og fyrirkomulag við skipan dómara. Vinna nefndarinnar byggir meðal annars á skýrslum sem áður hafa verið unnar um stofnun millidómstigs hér á landi. Auk þess hefur nefndin leitað ráða hjá ýmsum aðilum sem búa yfir sérþekkingu á dómskerfinu. Þannig átti nefndin til dæmis fundi með réttarfarsnefnd, fulltrúum dómstólaráðs, formanni Dómarafélags Íslands, nefnd um störf dómara, formann og framkvæmdastjóra Lögmannafélags Íslands og ríkissaksóknara.

Frumvarpi þessu er ætlað að koma í stað gildandi laga nr. 15/1998 um dómstóla þótt byggt sé á grunni þeirra að megin stefnu til. Sú meginbreyting felst í frumvarpinu að stofnaður er Landsréttur sem verður dómstóll á nýju millidómstigi íslensks réttarkerfis. Samhliða eru lagðar til breytingar á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála og laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Eru þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu það viðamiklar að rétt þykir að samþykka ný heildarlög um dómstóla í stað þess að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 15/1998. Á sínum tíma var megingangur setningar laga nr. 15/1998 að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna sem þriðju valdastofur ríkisins og auka tiltrú almennings á starfsemi þeirra. Með setningu laganna lauk þeirri heildarendurskoðun íslenskra réttarfarslaga sem hófst á árinu 1987. Fyrir gildistöku þeirra höfðu ekki verið til dómstólalög sem höfðu að geyma samfelldar reglur um skipan dómstólanna í héraði og á áfrýjunarstigi, skilyrði fyrir veitingu dómaraembættar, réttindi og skyldur dómenda og fleiri atriði sem snerta dómstólanna.

Áður en vikið verður að einstökum ákvæðum frumvarps þessa verður fjallað um aðdraganda og markmið lagasetningarinnar, svo og veigamestu breytingarnar, sem eru lagðar til frá núgildandi lögum.

### *II. Skipan dómstóla frá fullveldi*

Í kjölfar þess að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki árið 1918 var Hæstiréttur Íslands stofnaður með lögum nr. 22/1919. Tók hinn nýi dómstóll til starfa árið 1920. Hæstiréttur Íslands tók við hlutverki Hæstaréttar Danmerkur sem æðsti dómstóll landsins. Þá var hinn íslenski Landsréttur lagður af en sem fyrr störfuðu héraðsdómstólar í landinu. Með breytingunni urðu dómstig hér á landi því tvö í stað þriggja áður og hefur það fyrirkomulag bæði gilt um meðferð einka- og sakamála.

Í 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir að Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið, forseti og önnur stjórnarvöld fari með framkvæmdarvaldið en dómendur fari með dómsvaldið. Í V. kafli stjórnarskrárinnar er svo fjallað sérstaklega um dómsvaldið. Þar eru þó aðeins þrjú ákvæði og er þar hvorki fjallað um verkefni eða skipulag

dómstóla né er þar dómsvaldið sem slíkt skilgreint. Vikið er að tveimur dómstólum í stjórnarskránni, Landsdómi og Hæstarétti. Þögn stjórnarskrárinnar um skipan dómsvaldsins verður þó ekki skýrð sem svo að ekki megi koma á fót öðrum dómstigum, enda er í 59. gr. gert ráð fyrir að skipun dómsvaldsins sé ákveðin með lögum. Með ákvæðinu er einnig staðinn vörður um sjálfstæði dómsvaldsins gagnvart framkvæmdavaldinu. Sjálfstæði dómara er tryggt enn frekar í 61. gr. þar sem segir að dómendur skuli í embættisverkum sínum aðeins fara að lögum.

Lengi vel voru umtalsverð tengsl hér á landi milli dómsvalds og framkvæmdavalds. Við lýðveldisstofnun árið 1944 voru í gildi lög nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þar voru dómstörf í einkamálum fólgin sýslumönnum hverjum í sinni sýslu, lögmanni í Reykjavík en bæjarfógetum í öðrum kaupstöðum. Sýslumenn og bæjarfógetar fóru með önnur stjórnsýslustörf innan lögsagnarumdæma sinna meðfram héraðsdómarastörfum. Lög voru ekki sett um meðferð opinberra mála fyrr en með lögum nr. 27/1951. Samkvæmt þeim lögum fóru sýslumenn utan kaupstaða, bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur og sakadómari í Reykjavík með rannsókn og málarekstur opinberra mála á fyrsta dómstigi og kváðu upp dóm í þeim. Sérstakur lögreglustjóri innti sömu störf af hendi í kaupstöðum þar sem hann var skipaður. Með lögum nr. 67/1928 var bæjarfógetaembættinu í Reykjavík skipt í lögreglustjóraembætti og lögmannsembætti. Sakadómaraembættið var skilið að frá lögmannsembættinu með lögum nr. 67/1939 og með lögum nr. 65/1943 var borgarfógetaembættið stofnað í stað lögmannsembættisins.

Viðhlítandi aðskilnaði á milli dómsvalds og framkvæmdarvalds utan Reykjavíkur var ekki komið á fyrr en með gildistöku laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdavalds í héraði, 1. júlí árið 1992. Aðdragandinn að lögum um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdavalds í héraði var sá að í október 1987 ákvað Mannréttindanefnd Evrópuráðsins að tekin yrði til efnismeðferðar Mannréttindadómstólsins kæra Íslendinga er laut að því að mál vegna ákæru á hendur honum hafði í samræmi við gildandi lög hér á landi verið tekið fyrir og dæmt af fulltrúa bæjarfógeta þótt bæjarfógeti var jafnframt yfirmaður lögreglunnar. Málsmeðferðin var kærð til Mannréttindadómstóls Evrópu á þeirri forsendu að málið hefði ekki hlotið meðferð í undirrétti fyrir óháðum dómara. Í kjölfarið hófu stjórnvöld allsherjarendurskoðun og umbætur á meðferð dómsvalds með það að markmiði að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna sem þriðju valdastöðar ríkisins og auka tiltrú almennings á starfsemi þeirra

Með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989 voru settir á fót átta héraðsdómstólar víðs vegar um landið til að fara með dómstörf á fyrsta dómstigi, jafnt í einkamálum sem sakamálum. Borgardómur Reykjavíkur, Sakadómur Reykjavíkur, Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum og Borgarfógetaembættið voru þá sameinaðir undir nafni Héraðsdóms Reykjavíkur. Segja má að þessari endurskoðun dómskerfisins hafi lokið með gildistöku dómstólalaga nr. 15/1998, sem tóku gildi 1. júlí sama ár. Lögin komu í stað reglna um dómstóla og dómendur sem áður var að finna í lögum um Hæstarétt nr. 75/1973 og fyrrnefndum lögum nr. 92/1989.

Áður hefur komið til umræðu að koma á fót millidómstigi á Íslandi. Á áttunda áratug síðustu aldar gerðu ráðherrar dómsmála nokkrar tilraunir til að fá samþykkt frumvörp um stofnun millidómstigs sem ýmist væri fyrsta dómstig í málum eða áfrýjunardómstig. Var samsvarandi dómstig Landsréttar í Danmörku haft að fyrirmynd. Meginmarkmið



breytinganna voru hraðari meðferð dómsmála og aukinn aðskilnaður dómsvalds og framkvæmdavalds. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir var frumvarp þessa efnis aldrei samþykkt á Alþingi.

Í desember árið 2006 ritaði dómstólaráð bréf til dómsmálaráðherra í tilefni þess að til meðferðar var frumvarp til nýrra laga um meðferð sakamála. Þar var lagt til að komið yrði á fót millidómstigi í sakamálum til að koma til móts við sjónarmið um réttláta málsmeðferð þannig að fullnægt yrði kröfum mannréttindasáttmála Evrópu um áfrýjun dóma í sakamálum. Síðar skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að fjalla um hvernig best mætti tryggja milliliðalausa sönnunarfærslu í meðferð sakamála og skilaði hún skýrslu um málið 1. október 2008. Taldi nefndin margt benda til þess að gildandi fyrirkomulag um sönnunarfærslu fyrir Hæstarétti Íslands bryti gegn meginreglunni um milliliðalausa sönnunarfærslu og gengi í berhögg við 2. gr. 7. samningsviðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Ekki hefði tíðkast í framkvæmd að rétturinn endurmæti niðurstöðu héraðsdóms um sönnunargildi framburðar með því að taka skýrslur af ákærða eða vitnum þar fyrir dómi. Þess í stað hefði rétturinn oftast gripið til þess ráðs að ómerkja dóm og vísa málum aftur heim í hérað. Beiting úrræðisins ylli oft töfum á meðferð máls, auk þess sem ekki væri unnt að beita því nema einu sinni í hverju máli. Lagði nefndin til að stofnaður yrði dómstóll á millidómstigi.

Þann 8. október 2010 héldu Ákærndafélag Íslands, Dómarafélag Íslands, Lögfræðingafélag Íslands og Lögmannafélag Íslands málþing um stofnun millidómstigs hér á landi. Í kjölfar málþingsins sendu félögin erindi til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins þar sem skorað var á ráðherra að beita sér fyrir stofnun millidómstigs í einka- og sakamálum. Skipaði ráðherra vinnuhóp til að fylgja erindinu eftir. Hópnunum var ætlað að taka til skoðunar þörfina á að setja á fót hér á landi millidómstig sem tæki bæði til sakamála og einkamála, kosti þess og galla og hvernig slíku millidómstigi væri best fyrir auk þess að leggja mat á þann kostnað sem slíku væri samfara. Vinnuhópurinn skilaði skýrslu 23. júní 2011 og var samstaða um það hópsins að ráðast bæri í að stofna millidómstig hér á landi sem tæki bæði til einkamála og sakamála. Eins og nefndin sem lagði til haustið 2008 að stofnað yrði millidómstig gerði vinnuhópurinn ákveðnar tillögur um hvernig skipulagi slíks dómstigs skyldi háttað.

### *III. Markmið frumvarpsins*

Markmið þessa frumvarps er fyrst og fremst að koma á fót millidómstigi sem taki jafnt til sakamála sem einkamála og að dómstig íslensks réttarkerfis verði eftirleiðis þrjú í stað tveggja. Við blasir að upptaka millidómstigs kallar á nokkuð viðamikla reglusetningu. Hinar nýju reglur lúta ekki einvörðungu að millidómstiginu sjálfu enda eru ólíkir þættir dómstólaskipanarinnar og réttarkerfisins í heild tengdir með margvíslegum hætti. Upptaka millidómstigs hefur þannig óhjákvæmilega áhrif á starfsemi annarra dómstiga, meðferð ákærvalds, réttindi lögmannna og svo mætti áfram telja. Að að því leyti sem ekki reyndist nauðsynlegt að breyta reglum í samhengi við upptöku millidómstigs er í frumvarpi þessu að mestu leyti stuðst við núgildandi reglur í lögum nr. 15/1998 og byggt á þeirri meginhugsun um hlutverk og mikilvægi sjálfstæðis dómstóla sem þar birtist og vikið var að hér að framan.

Flest dómstólakerfi í Evrópu eiga það sameiginlegt að hafa þrjú dómstig og taka kröfur sem Mannréttindadómstóll Evrópu gerir til réttlátrar málsmeðferðar mið af þessu. Erfitt hefur reynt að fylgja eftir þeirri þróun sem orðið hefur á sviði réttarfars og mannréttinda í Evrópu

vegna þess að tveggja þrepa dómkerfis sem hér hefur verið. Þær lausnir sem gripið hefur verið hafa ekki reynst fullnægjandi.

Annars vegar er upptöku millidómstigs ætlað að koma til móts við alþjóðlegar kröfur um milliliðalaus sönnunarfærslu á áfrýjunarstigi. Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) hefur talið að milliliðalaus sönnunarfærsla sé liður í réttlátri málsmeðferð skv. 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) sbr. einnig 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar. Ljóst er að núverandi skipan mála uppfyllir tæplega ströngustu kröfur í þessum efnum. Meginreglan um milliliðalaus sönnunarfærslu er hluti meginreglunnar um milliliðalaus málsmeðferð og felur í sér að öll sönnunargögn skuli færa fram meðan á málsmeðferð stendur fyrir þeim dómurum sem dæma málið. Stuðlar meginreglan meðal annars að því að mat á trúverðugleika vitna og sönnunargildi munnlegra framburða verði nákvæmara og réttara og þar með að niðurstöður dómstóla verði sem réttastar. Samkvæmt reglunni verður vitni að hafa gefið skýrslu sína undir meðferð málsins fyrir þeim dómara sem dæmir málið ef leggja á skýrsluna til grundvallar við sönnun. Þá hefur meginreglan verið talin gilda á öllum dómstigum og bæði um meðferð sakamála og einkamála þótt henni hafi verið fylgt mun betur eftir í sakamálum.

Hæstiréttur Íslands endurmetur nú sönnunargildi munnlegs framburðar í einkamálum án þess að munnleg sönnunarfærsla fari milliliðalaust þar fram. Við meðferð sakamála hefur Hæstiréttur þó heimild til að láta munnlega sönnunarfærslu fara fram fyrir réttinum sjálfum, sbr. 2. mgr. 205. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála en sú heimild hefur aðeins einu sinni verið nýtt. Fjöldi mála sem Hæstiréttur fjallar um er slíkur að talið hefur verið að aukið álag sem hlytist af munnlegum skýrslutökum fyrir Hæstarétti myndi gera það að verkum að afköst réttarins minnkuðu með fyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir málshraða í réttarkerfinu. Því hefur Hæstiréttur fremur fellt úr gildi héraðsdóma, sbr. 3. mgr. 208. gr. laga nr. 88/2008, og vísað málum til nýrrar meðferðar í héraði í þeim tilvikum þar sem talið hefur verið að líkur séu á að niðurstaða héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar kunni að vera röng svo að einhverju skipti um úrslit máls. Þessi aðferð er gölluð enda tefur hún fyrir endalegum lyktum máls og íþyngir þeim sem þurfa að gefa nýjar skýrslur við nýja meðferð málsins í héraði. Einnig hefur verið bent á að Hæstiréttur endurmeti í raun sönnunarmat héraðsdómara þegar beitt sé heimild 3. mgr. 208. gr. laga nr. 88/2008. Þá sé mikill óþeinn þrýstingur settur á þá dómara sem taki mál til meðferðar að nýju í héraði í kjölfar þess að heimildinni er beitt. Loks hefur verið bent á að Hæstiréttur hafi dæmt mál efnislega í tilvikum þar sem rétturinn hefur í reynd endurskoðað sönnunarmat héraðsdóms á munnlegum framburði með einum eða öðrum hætti.

Með upptöku millidómstigs yrði komið betur til móts við kröfur um milliliðalaus sönnunarfærslu þar sem gert er ráð fyrir munnlegri sönnunarfærslu fyrir því dómstigi. Þó er rétt að halda því til haga að ekki er nauðsynlegt að sömu reglur gildi um sönnunarfærsluna fyrir millidómstigi og fyrir héraðsdómi. Þannig gerir frumvarpið til dæmis ráð fyrir því að skýrslur verði teknar upp í hljóð og mynd á fyrsta dómstigi og ekki endurteknar í Landsrétti nema þörf krefji.

Hins vegar er upptöku millidómstigs ætlað að létta álagi af Hæstarétti Íslands og tryggja að honum sé betur fært að sinna hlutverki sínu sem fordæmisgefandi dómstóll. Hæstiréttur hefur frá stofnun jafnframt sinnt hlutverki hefðbundins áfrýjunardómstóls og því dæmt í margvíslegum málum sem ekki kæmu til kasta æðstu dómstóla í nágrannaríkjunum. Á undanförunum misserum hefur álagið á Hæstarétt verið mikið. Bæði hefur málum fjölgað

almennt en einnig hefur flóknum og umfangsmiklum málum fjölgað meira. Með upptöku millidómstigs og strangari kröfum um áfrýjun til Hæstaréttar verður álagi létt af réttinum og mun það skapa dómurum réttarins betri aðstæður til að sinna veigamiklum og fordæmisgefandi málum. Þá gerir það Hæstarétti kleift að starfa í einni deild sem er til þess fallið að auka fordæmisgildi dóma réttarins.

#### *IV. Meginefni og helstu nýmæli*

Uppbygging frumvarpsins er í samræmi við gildandi lög nr. 15/1998 og efni þess skipað í átta kafla. Kafli I fjallar um meginatriði dómstólaskipunarinnar. Í köflum II-IV er fjallað sérstaklega um hvert dómstig fyrir sig, þ.e. Hæstarétt Íslands, Landsrétt og héraðsdómstóla. Í V. kafla er fjallað um réttindi og skyldur dómara. Í VI. kafla eru ákvæði um endurupptökunefnd. Í VII. og VIII. er að finna umfjöllun um gildistöku og brottfall laga, annars vegar, og ákvæði til bráðabirgða, hins vegar.

Verður nú í stuttu máli vikið að helstu nýmælum sem felast í frumvarpinu en frekari umfjöllun er að finna hér að neðan í athugasemdum við einsaka ákvæði þess.

1. Með frumvarpinu er lagt til að nýr áfrýjunardómstóll, Landsréttur, taki til starfa. Honum verði skipað á milli héraðsdómstólanna og Hæstaréttar Íslands sem verður eftir sem áður æðsti dómstóll þjóðarinnar. Landsréttur verður í Reykjavík og mun taka til landsins alls. Við dómstólinn munu starfa 15 dómara og þrír þeirra dæma í hverju máli. Litlar breytingar verða á starfsemi héraðsdómstólanna og verður dómum þeirra og úrskurðum almennt skotið til Landsréttar í stað Hæstaréttar nú. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði mun fyrsta skipun réttarins þurfa staðfestingu meirihluta þingsins, enda óheppilegt út frá sjónarmiðum um sjálfstæði dómsvaldsins að einn og sami ráðherra skipi alla fasta dómara við áfrýjunardómstól einn síns liðs. Í frumvörpum til breytinga á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála og lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála er nánar kveðið á um málsmeðferð fyrir Landsrétti.
2. Lagt er til að Hæstiréttur Íslands verði skipaður sex dómurum og að fimm dómara réttarins dæmi í öllum málum. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði munu starfandi dómara þó halda stöðu sinni og því munu fleiri dómara væntanlega starfa við réttinn fyrstu árin. Þetta gæti reynst heppilegt enda ljóst að töluverð vinna mun fara í það fyrstu starfsárin að taka afstöðu til áfrýjunarbeiðna og móta fordæmi til framtíðar í þeim efnum.
3. Samkvæmt frumvarpinu er gerð breyting á skipan dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Samkvæmt gildandi lögum er nefndin skipuð 5 mönnum og tilnefnir Hæstiréttur tvo þeirra, þ. á m. formann nefndarinnar. Lögð er til sú breyting að Hæstiréttur tilnefni aðeins formanninn en Landsréttur tilnefni jafnframt mann í nefndina. Þá er lagt til í frumvarpinu að í nefndinni sitji ekki starfandi dómara.
4. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að ráðherra afli samþykkis Alþingis fyrir skipun í dómaraembætti ætli hann sér ekki að skipa þann umsækjanda sem dómnefnd hefur talið hæfastan. Með frumvarpinu er þetta fyrirkomulag afnumið en þó áskilið að Alþingi samþykki tillögu ráðherra um skipun dómara í Hæstarétt Íslands.

5. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að við setningu hæstaréttardómara, svo sem í tilfalli vanhæfis einhvers hinna fimm föstu dómara, verði fyrst að leita í hóp fyrrum dómara við réttinn. Með þessu er stefnt að því að dómurinn verði sem oftast fullskipaður dómurum sem gengið hafa í gegnum hæfnismat við skipun ásamt því sem dýrmæt reynsla fyrrum dómara nýtist.
6. Í bráðabirgðaákvæðum frumvarpsins er tekið fram að með því verði ekki raskað stöðu þeirra sem þegar hafa verið skipaðir eða settir í dómaraembætti. Þá skuli hvorki setja né skipa í embætti dómara við Hæstarétt Íslands fyrr en fjöldi dómara sé orðinn sá sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Einnig falli niður skipun dómnefndar um hæfni umsækjenda um embætti dómara. Þá skuli þeir sem þegar hafa verið skipaðir hæstaréttardómarar hafa forgang til skipunar í embætti dómara við Landsrétt kjósi þeir það.

#### *V. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins*

##### Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. gildandi laga nr. 15/1998. að því undanskildu að ekki er kveðið á um að Hæstiréttur Íslands sé áfrýjunardómstóll.

##### Um 2. gr.

Greinin er nýmæli er lýtur að stofnun Landsréttar. Dómstóllinn skal hafa aðsetur í Reykjavík og gegna hlutverki áfrýjunardómstóls í sakamálum sem og einkamálum. Landsréttur skal taka til landsins alls.

##### Um 3. gr.

Greinin svarar til 2. gr. gildandi laga um dómstóla. Frumvarpið miðar að því að héraðsdómstólar á landinu verði áfram átta eins og verið hefur. Umdæmi dómstólanna eru afmörkuð í átta tölulíðum og hafa heiti sveitarfélaganna verið uppfærð frá núgildandi lögum. Ákvæði 2. mgr. er samhljóða ákvæði 2. mgr. 2. gr. gildandi laga. Í frumvarpinu er á hinn bóginn gert ráð fyrir að í 3. mgr. komi ákvæði þar sem mælt er fyrir um hvernig bregðast skuli við ef heiti sveitarfélags er breytt eða ef sveitarfélag sameinast í eitt. Það ákvæði er nú í 43. gr. gildandi laga.

##### Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. gildandi laga um dómstóla.

##### Um 5. gr.

Greinin er upphafsákvæði II. kafla frumvarpsins, sem fjallar um Hæstarétt Íslands. Greinin svarar til 4. gr. gildandi laga um dómstóla. Frumvarpið miðar að því að hlutverk Hæstaréttar sem fordæmisgefandi dómstóls verði styrkt með því að rétturinn starfi í einni deild. Við réttinn skulu starfa sex hæstaréttardómarar og skulu fimm dæma í hverju máli. Skulu dómararnir sex skipta jafnt með sér verkum. Samkvæmt núgildandi lögum eru níu dómarar skipaðir til starfa við Hæstarétt og hefur rétturinn starfað í deildum. Með frumvarpi þessu er

ekki gert ráð fyrir að skipun núverandi hæstaréttardómara verði raskað. Vísast um þetta til 46. gr. frumvarpsins sem er til bráðabirgða. Samkvæmt því skal hvorki setja né skipa í embætti dómara við Hæstarétt Íslands fyrr en fjöldi dómara verður sá sem kveðið er á um í 5. gr. Lagt er til að 6. tölul. 2. mgr. verði uppfærður þannig að orðin *í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt* falli út en í staðinn komi *eða grunnnámi ásamt meistaraþrófi í lögum*. Samkvæmt þessu er gerð sú krafa til umsækjenda að þeir hafi annað hvort lokið embættisþrófi í lögum eða grunn- og meistaranámi í lögfræði. Einnig er lagt til að hæfniskröfur til hæstaréttardómara verði auknar frá því sem nú er í 2. mgr. 4. gr. dómstólalaga og áskilið að lengd starfsreynslu, sem hæstaréttardómari þarf að hafa sé fimm ár í stað þriggja ára eins og kveðið er á um í núgildandi lögum.

#### Um 6. gr.

Greinin kemur í stað 4. gr. a gildandi laga sem lögfest var með breytingalögum nr. 45/2010. Í greininni er fjallað um dómnefnd vegna umsókna um dómaraembætti. Vegna stofnunar Landsréttar mun nefndin einnig fjalla um hæfni umsækjenda um embætti landsréttardómara. Með hinu nýja ákvæði eru gerðar breytingar á reglum um skipan nefndarinnar. Nefndarmönnum sem Hæstiréttur tilnefnir er fækkað úr tveimur í einn en sá nefndarmaður, sem rétturinn skipar, skal fara fyrir störfum nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn skulu tilnefndir af Landsrétti, dómstólaráði og Lögmannafélagi Íslands auk þess sem Alþingi kýs þann fimmta. Nefndarmenn skulu ekki vera starfandi dómarar en slíkt er heimilt samkvæmt gildandi lögum. Þótt mikilvægt sé að nefndarmenn þekki störf dómara er ekki æskilegt að starfandi dómarar hafi sjálfir áhrif á skipan komandi samstarfsmanna sinna. Hæfnismat dómnefndar skal byggt á efnislegri afstöðu hennar til hæfis umsækjenda.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til það nýmæli að ráðherra leggi tillögu sína um skipun í embætti hæstaréttardómara fyrir Alþingi til samþykktar en samkvæmt gildandi lögum er aðeins gert ráð fyrir aðkomu Alþingis þegar ráðherra kýs að fara í ákvörðun sinni gegn tillögu dómnefndar. Með skipun hæstaréttardómara er tekin ákvörðun um það hver skuli fara með æðstu handhöfn dómsvalds í landinu. Vel fer á því að bæði löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið komi að þeirri ákvörðun, óháð því hvort ráðherra fari að tillögu dómnefndar eða ekki.

#### Um 7. gr.

Ákvæðið er samhljóða 5. gr. gildandi laga um dómstóla.

#### Um 8. gr.

Ákvæðið er því sem næst samhljóða 6. gr. gildandi laga að undanskildu orðalagi um kröfur til menntunar skrifstofustjóra Hæstaréttar.

#### Um 9. gr.

Ákvæðið svarar til 7. gr. gildandi laga um dómstóla. Frumvarpið miðar að því að fimm dómarar taki þátt í meðferð sérhvers máls fyrir Hæstarétti. Með þessu er deildaskipting Hæstaréttar aflögð, sbr. 2. mgr. 7. gr. gildandi dómstólalaga. Tilkoma millidómstigs mun hafa í för með sér fækkun mála sem koma til meðferðar Hæstaréttar. Jafnframt verður hlutverk réttarins sem fordæmisgefandi dómstóls styrkt þar sem rétturinn mun starfa í einni deild.

Lagt er til að nýrri efnisgrein verði bætt við 3. mgr. lagagreinarinnar. Samkvæmt henni skulu þrír dómara taka ákvörðun um áfrýjunarleyfi nema einhver hinna reglulegu dómara við réttinn óski eftir því að allir dómara taki þátt í ákvörðuninni. Við önnur störf dómara en við meðferð mála fyrir dómi skal ekki kveðinn til varadómari fyrir dómara sem forfallast eða er vanhæfur nema slík forföll verði að færri en fimm Hæstaréttardómara geti tekið þátt í ákvörðuninni.

#### Um 10. gr.

Nýmæli eru að varadómari skuli koma úr röðum fyrrverandi dómara við Hæstarétt, en úr röðum landsréttardómara, prófessora í lögum eða hæstaréttarlögmannna sé það ekki unnt. Með þessari tillögu er leitast við að dómara sem dæma í málum Hæstaréttar hafi verið metnir hæfir af dómnefnd. Þar sem ekki nýtur við fyrrum hæstaréttardómara sem eru hæfir til að taka stöðu varadómara skal leita í raðir þeirra sem ákvæðið tiltekur en þar er um að ræða einstaklinga með mikla reynslu sem nýtast ætti til starfans.

Samkvæmt því sem segir í 2. mgr. skal dómnefnd gera tillögu til ráðherra um skipan dómsins ef allir dómara við Hæstarétt eru vanhæfir til að skipa dóm í máli. Með þessu er dómnefndinni fengið það hlutverk sem forseti réttarins hefur samkvæmt gildandi lögum. Er þannig komið í veg fyrir að vanhæfur dómari geri tillögu um skipan dómsins. Þegar varadómara hafa verið skipaðir velja þeir einn úr sínum hópi til að fara fyrir dómnum. Varadómari verður ekki leystur frá starfi í máli nema eftir sömu reglum og um skipaða dómara, eftir því sem lagt er til í 3. mgr. ákvæðisins.

Með framangreindum tillögum er leitast við að tryggja að dýrmæt reynsla nýtist í réttarkerfinu auk þess sem fylgt verði gagnsæjum viðmiðunum við skipun varadómara.

#### Um 11. gr.

Ákvæðið svarar til 9. gr. gildandi laga. Nýmæli er þó að á sama hátt og hvað varadómara varðar skulu settir dómara koma úr röðum fyrrverandi dómara við Hæstarétt, en úr röðum landsréttardómara, prófessora í lögum eða hæstaréttarlögmannna sé það ekki unnt. Með þessari tillögu er leitast við að dómara sem dæma í málum Hæstaréttar hafi verið metnir hæfir af dómnefnd.

#### Um 12. gr.

Ákvæðið er samhljóða 10. gr. gildandi laga um dómstóla.

#### Um 13. gr.

Ákvæðið er samhljóða 11. gr. gildandi laga um dómstóla.

#### Um 14. gr.

Greininer upphafsákvæði III. kafla frumvarpsins, sem fjallar um Landsrétt. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins skal forseti Íslands skipa fimmtán dómara til setu í Landsrétti. Þannig er lagt til að skipun dómara við nýtt dómstig verði með sama hætti og skipun Hæstaréttar- og héraðsdómara eftir gildandi lögum. Fyrirséð er að málafjöldi fyrir hinum nýja dómstól verði sambærilegur því sem er fyrir Hæstarétti Íslands nú en málsmeðferð nokkuð umfangsmeiri

sökum endurtekinnar sönnunarfærslu fyrir dóminum. Er því lagt til að dómara hins nýja dómstóls verði fimmtán talsins.

Í 2. mgr. 14. gr. er fjallað um hæfisskilyrði sem landsréttardómarar verða að fullnægja til að geta hlotið skipun. Fyrstu sex töluliðir 2. mgr. eru eins og það sem lagt er til að gildi um dómara við Hæstarétt, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Í 7. tölul. 2. mgr. 14. gr. er lagt til að umsækjandi þurfi að hafa starfað í minnst þrjú ár við eitthvert þeirra starfa sem þar eru talin upp áður en hann má skipa í embætti landsréttardómara. Ólíkt því sem gilt hefur um umsækjendur um dómarastöðu við Hæstarétt þurfa háskólakennarar á sviði lögfræði sem sækja um embætti landsréttardómara ekki að hafa stöðu prófessors heldur er einnig heimilt að skipa dósent í lögum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna gildi að breyttu breytanda við skipun í embætti landsréttardómara. Af því leiðir að dómnefndin sem starfar samkvæmt ákvæðinu skal láta ráðherra í té umsögn um einstaka umsækjendur þar sem tekin er afstaða til þess hvort þeir teljist hæfir til starfans. Lokamálsgrein 6. gr., er kveður á um skyldu ráðherra til að leggja tillögu sína um skipun í embætti hæstaréttardómara fyrir Alþingi til samþykktar, gildir hins vegar ekki um skipun dómara í Landsrétt. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skal ráðherra þó afla samþykkis þingsins þegar skipað er í réttinn í fyrsta skipti.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um hvernig haga skuli kosningu forseta og varaforseta Landsréttar og hvernig bregðast skuli við ef þeir forfallast eða láta af embætti áður en kjörtímabili þeirra er lokið. Þá er kveðið á um að forseti Landsréttar fari með yfirstjórn dómstólsins en í því felst meðal annars að hann skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna.

Um 16. gr.

Ákvæðið fjallar um skrifstofustjóra og aðra starfsmenn Landsréttar. Greinin er sambærileg 8. gr. frumvarpsins er fjallar um Hæstarétt.

Um 17. gr.

Samkvæmt greininni skulu þrír dómara við Landsrétt taka þátt í meðferð hvers máls fyrir dómi. Í frumvarpinu er þó ekki gert ráð fyrir því að dómstóllinn starfi í deildum þannig að sömu dómara sitji að jafnaði saman í dómi eða málum útdeilt til tiltekinna dómara eftir réttarsviðum. Í greininni er kveðið á um að forseti réttarins úthluti málum og ákveði hver skuli taka sæti dómsformanns hverju sinni. Ólíkt málsmeðferð fyrir Hæstarétti skal forseti Landsyferréttar ákveða hver skuli taka sæti dómsformanns hverju sinni.

Ákvæði 2. mgr. 17. gr. er samhljóða 3. mgr. 7. gr. gildandi laga. Í 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins er kveðið á um að þrír dómara skuli taka ákvörðun um áfrýjunarleyfi og ráði þá meirihluti atkvæða. Ákvæðið er sambærilegt 3. mgr. 9. gr. frumvarps þessa er varðar Hæstarétt en þó ólíkt að því leyti að ekki gert ráð fyrir að aðrir dómara réttarins en þeir sem taka þátt í afgreiðslu umsóknar um áfrýjunarleyfi geti óskað þess að allir dómara taki þátt í slíkri ákvörðun. Í 4. mgr. 17. gr. er kveðið á um að allir dómara Landsréttar skuli taka þátt í ákvörðunum um annað en meðferð máls fyrir dómi en rétturinn getur falið forseta einum að ráða til lykta ýmsum minni háttar málefnum.

## Um 18. gr.

Í upphafi 1. mgr. er gengið út frá því að varadómari verði kvaddur til ef reglulegur dómari fær leyfi eða hefur forföll um skamman tíma. Varadómari er ekki kvaddur til þótt einhver reglulegu dómara sé vanhæfur til að taka sæti í máli, því slíkt er leyst með því að annar reglulegur dómari tekur sæti hans.

Ráðherra skal skipa varadómara samkvæmt tillögu forseta Landsréttar en með þessu er gætt samræmis við skipun varadómara við Hæstarétt að því leyti að forseti dómstólsins gerir tillögu um hvern skipa skuli, sbr. 10. gr. í þessu frumvarpi. Þetta fyrirkomulag á sér lengri sögu og er reglan til að mynda efnislega sú sama og var að finna í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1973. Sömu hæfniskröfur eru gerðar til varadómara og skipaðra dómara við Landsrétt.

Í 2. mgr. 18. gr. er fjallað um þær aðstæður að kveðja þurfi til varadómara í máli þar sem ekki sé unnt að fullskipa dóm í máli vegna vanhæfis landsréttardómara. Þá skal dómnefnd samkvæmt 6. gr. gera tillögu til ráðherra um skipan dómsins. Þessi regla er í samræmi við það sem fram kemur í 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er lögð til sú regla að varadómara verði ekki vikið úr starfi nema eftir sömu reglum og gilda um skipaða dómara við dómstólinn. Með þessu er varadómurum tryggð sambærileg réttindi og skipuðum dómurum.

Ákvæði 4. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 8. gr. gildandi laga um þóknun fyrir starf varadómara við Hæstarétt en samkvæmt. Því skal dómstóllinn sjálfur ákveða þóknun handa varadómara fyrir hvert mál þar sem hann dæmir. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

## Um 19. gr.

Í greininni er fjallað um leyfi landsréttardómara. Kveðið er á um að landsréttardómara verði ekki veitt leyfi frá störfum af öðrum sökum en vegna veikinda í lengri tíma en tólf mánuði samfleytt. Er reglan sambærileg 11. gr. frumvarps þessa um leyfi hæstaréttardómara sbr. 9. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að jafnframt gert ráð fyrir því að leyfi sé veitt vegna setningar í embætti dómara við Hæstarétta. landsréttardómara kann að verða lengra en tólf mánuðir af þeim sökum að dómari hefur þegið setningu sem hæstaréttardómari. Í 3. mgr. er að finna sambærilega reglu og 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins.

## Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um að dómþing Landsréttar skuli haldið í Reykjavík nema sérstök ástæða sé til annars.

## Um 21. gr.

Greinin er sambærileg 13. gr. frumvarpsins sbr. 1. mgr. 11. gr. núgildandi laga þar sem fjallað er um þingbækur, dómabækur, atkvæðabækur og málaskrár Hæstaréttar Íslands og útgáfu dóma.

## Um 22. gr.

Greinin er upphafsákvæði IV. kafla frumvarpsins, sem fjallar um héraðsdómstóla og dómara við þá og svarar til III. kafla gildandi dómstólalaga. Í greininni er fjallað um almenn hæfisskilyrði héraðsdómara en þau koma fram í 12. gr. gildandi laga um dómstóla.



Smávægilegar breytingar hafa verið gerðar á greininni. Þannig er lagt til í 6. tölul. 2. mgr. verði áskilið að héraðsdómari hafi lokið „grunnnámi ásamt meistaraþrófi í lögum“ en í núgildandi lögum er þess krafist að dómari hafi lokið „embættisþrófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt“. Sama breyting er lögð til um hæfisskilyrði hæstaréttardómara, sbr. 6. tölul. 2. mgr. 5. gr. þessa frumvarps og vísast til skýringa með því ákvæði.

Í 3. mgr. er kveðið á um að 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna gildi að breyttu breytanda við skipun í embætti héraðsdómaradómara.

Um 23. gr.

Ákvæðið er samhljóða 13. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 24. gr.

Ákvæðið er samhljóða 14. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 25. gr.

Ákvæðið er samhljóða 15. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 26. gr.

Ákvæðið er samhljóða 16. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 27. gr.

Ákvæðið er samhljóða 17. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 28. gr.

Ákvæðið er samhljóða 18. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 29. gr.

Ákvæðið er samhljóða 19. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 30. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 20. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að heimild til að veita héraðsdómara leyfi að eigin ósk frá störfum til allt að sex ára taki einnig til þess að héraðsdómari hafi þegið setningu sem landsréttardómari.

Um 31. gr.

Ákvæðið er samhljóða 21. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 32. gr.

Ákvæðið er samhljóða 22. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 33. gr.

Ákvæðið er upphafsákvæði V. kafla laganna sem fjallar um réttindi og skyldur dómara. Smávægilegar breytingar eru gerðar á ákvæðum kaflans frá núgildandi lögum en í er um að

ræða breytingar á orðalagi vegna stofnun Landsréttar. Er 33. gr. frumvarpsins til að mynda sama efnis og 23. gr. gildandi laga um dómstóla en er ólíkt að því leyti að það tekur einnig til dómara Landsréttar.

Um 34. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 24. gr. gildandi laga um dómstóla. Með frumvarpinu er þó skerpt á rétti dómara til endurmenntunar. Í gildandi lögum er kveðið á um að dómurum skuli „eftir föngum“ gefinn kostur á leyfi og stuðningi til endurmenntunar. Störf dómara eru þess eðlis að afar mikilvægt er að þeir afli sér endurmenntunar og haldi við og auki þekkingu sína. Dómarar hafa átt erfitt með að fá svigrúm til að sinna endurmenntun sem skyldi. Ástæða er því til að tryggja betur aðgang dómara að endurmenntun og er því kveðið með beinum hætti á um það í 34. gr. að dómurum skuli gefinn kostur á leyfi og stuðningi til endurmenntunar. Er gert ráð fyrir því aðráðherra skuli setja nánari þar um.

Um 35. gr.

Ákvæðið er samhljóða 25. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 36. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 26. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 37. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 27. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 38. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 28. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 39. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 29. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 40. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 30. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 41. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 31. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 42. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 32. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 43. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 33. gr. gildandi laga um dómstóla.

Um 44. gr.

Ákvæði VI. kafla laganna fjallar um endurupptökunefnd. Ákvæði 44. gr. er sama efnis og 34. gr. gildandi laga að því undanskildu að kveðið er á um að nefndin sé sjálfstæð

stjórnsýslunefnd en ekki stjórnsýslustofnun sem er í betra samræmi við stjórnsýslulega stöðu hennar. Auk fyrri verkefna er nefndinni falið að taka ákvarðanir um hvort heimila skuli endurupptöku dómsmála sem dæmd hafa verið í Landsrétti.

#### Um 45. gr.

Ákvæði VI. kafla laganna fjallar um gildistöku og brotfall laga o.fl. Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. júlí 2015 en ákvæði 46. til 49. gr. taki þegar gildi. Umrædd ákvæði fjalla um stöðu þeirra dómara sem þegar hafa verið skipaðir í dómarambætti, dómstólaráð, nefnd um dómarastörf eða endurupptöku nefnd. Þá er þar fjallað um skipun í tiltekin dómaraembætti og dómnefnd skv. 4. gr. a. gildandi laga. Þegar lögin taka gildi verður því unnt að skipa þær nýju stofnanir sem fjallað er um í lögnum áður en þær taka til starfa samkvæmt þeim.

#### Um 46. gr.

Með ákvæðinu er tekinn af allur vafi um að með lögnum skuli ekki raskað stöðu þeirra sem þegar hafa verið skipaðir eða settir í dómaraembætti. Ekki verður því skipað á ný í dómaraembætti þeirri dómstóla sem þegar starfa samkvæmt gildandi lögum fyrir en þörf krefur samkvæmt ákvæðum laganna um fjölda dómara..

#### Um 47. gr.

Með ákvæðinu er áréttað að með lögnum skuli ekki raska stöðu þeirra sem þegar hafa verið skipaðir í dómstólaráð, nefnd um dómarastörf eða endurupptökunefnd.

#### Um 48. gr.

Samkvæmt ákvæðinu fellur niður skipun dómnefndar skv. 4. gr. a. laga nr. 15/1998 um dómstóla, sbr. 2. gr. laga nr. 45/2010. Eins og rakið er í athugasemdum með 6. gr. frumvarps þessa standa rök til þess að nefnd sú sem fjalli um hæfni umsækjenda um dómaraembætti sé skipuð með öðrum hætti en kveðið er á um í núgildandi 4. gr. a. Ólíkt flestum öðrum ákvæðum frumvarps þessa tekur ákvæði þetta þegar gildi og mun dómnefnd samkvæmt 6. gr. frumvarpsins því taka til starfa við gildistöku laganna og upp frá því fjalla um hæfi umsækjenda sem sækja um dómaraembætti. Þá er í ákvæðinu kveðið á um að skipunartími nefndarmanna skuli vera mislangur og að lengd skipunartíma hvers og eins þeirra skuli ráðast af tilviljun.

Þegar skipað er í fyrsta sinn í dómnefnd skv. 6. gr. laganna mun Landsréttur ekki hafa tekið til starfa. Rétturinn getur því ekki tilnefnt nefndarmann ásamt varamanni líkt og 6. gr. gerir ráð fyrir. Í bráðabirgðaákvæðinu er gert ráð fyrir því að ráðherra tilnefni þessa aðila þar til Landsréttur hefur tekið til starfa.

#### Um 49. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnaður verði Landsréttur sem verður dómstóll á millidómstigi þar sem munu starfa fimmtán dómarar. Samtímis er lagt til að dómurum Hæstaréttar fækki úr níu í sex, enda má ætla að málum sem rétturinn muni fjalla um muni fækka verulega. Þótt það fyrirkomulag sem frumvarpið mælir fyrir um krefjist ekki eins margra hæstaréttardómara og nú starfa við réttinn verður stöðu núverandi dómara ekki raskað.

Kjósi einhverjir þeirra hins vegar fremur að starfa við Landsrétt tryggir ákvæði 49. gr. þeim forgang til skipunar í embætti við dómstólinn.

Loks er lagt til að það fyrirkomulag sem kveðið er á um í 14. gr. um skipan dómara við Landsrétt taki þegar gildi, enda nauðsynlegt að unnt sé að skipa dómara við réttinn áður en hann tekur til starfa.

DRÖG